

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands 9. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 22. 11. 2016 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Sunna Sigurðardóttir, Kristinn Arason, Sigurður Hrafn Pétursson Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Íris Mist Magnúsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.
Forföll tilkynnti: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Erindisbréf frá TK varðandi íslenska fimleikastigann – til samþykktar

TK lagði fram áættun um fimleikastiga í áhaldafimleikum karla þar sem vinnuhópur stigans var kynntur ásamt upplýsingum um tímalínu o.fl.

Erindið samþykkt með örlitlum breytingum.
Samþykkt er því að leggja af stað í verkefnið en fyrirvari settur um fjármögnun og kallað eftir fjárhagsáætlun.

2. Þakki til félaga sem héldu mót á haustönn – til bókunar

Án mótshaldara er ómögulegt að halda fimleikamót. FSÍ vill þakka eftirfarandi mótshöldurum fyrir sitt framlag.

TM mótið í áhaldafimleikum – Fimleikafélagið Björk
Haustmót 1 í áhaldafimleikum – Fimleikafélag Akureyrar
Haustmót 2 í áhaldafimleikum – Fimleikadeild Fjölnis
Haustmót 1 í hóp fimleikum – Fimleikadeild Stjörnnunar
Haustmót 2 í hóp fimleikum – Fimleikadeild ÍA

3. Fundargerð TK frá 3. fundi – til upplýsinga

4. Önnur mál

E-dómaranámskeið í áhaldafimleikum karla var haldið um liðna helgi og gekk það mjög vel.
Stjórn þakkar Antoni fyrir að skipuleggja og halda námskeiðið.

Fundi slitið kl. 19:45

10. fundur stjórnar verður haldinn þann 6. desember kl. 18:00